

Nd. 19. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svólátandi:
Á eftir 6. gr. laganna bætist:

2. kafli.

Um sölu og leigu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana.

7. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnu-
málaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

Greinatala og kaflaskipti laganna breytist samkvæmt þessu.

2. 1.—4. gr. frv. verða 2.—5. gr.
3. 5. gr. frv. fellur niður.

Alþingi, 23. febr. 1939.

Jörundur Brynjólfsson, Vilm. Jónsson, Sveinbjörn Högnason.
form. fundaskr., frsm.
Garðar Þorsteinsson. Thor Thors.